

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Iðnaðarmálaráðherra hefur tjáð mér, að mjög mikil vandkvæði séu á því að framkvæma, án nokkurs umbóttunartíma, lög um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, aðallega vegna ákvæða laganna um að skrásetja skuli og endurnýja vörumerki fyrir ákveðna vöruflokka.

Til að ákveða slíkt flokkakerfi og auglýsa, þurfi góðan tíma og sé því brýn nauðsyn að fresta gildistöku hinna nýju laga til 1. janúar 1969.

Fyrir því er hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Í stað orðanna „Lög þessi öðlast þegar gildi“, í 48. gr. laga um vörumerki nr. 47 2. maí 1968, komi: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 28. maí 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.